


ÚTDRÁTTUR

Útandráttur er stytting á texta þannig að aðalatriðum er þjappað saman. Sú stytting getur verið mismikil en oft er miðað við að útandráttur sé um það bil þriðjungur af upprunalegum texta. Færni í að gera góðan útandrátt nýtist nemendum með ýmsum hætti, til dæmis við ritgerðarvinnu. Einnig þurfa nemendur oft að lesa sér til og vinna upplýsingar úr ýmsum heimildum og þá kemur sér vel að vera með aðalatriðin á hreinu.

Þessi aðferð kemur einnig að góðu gagni við lestur kennslubóka. Nemendur lesa gjarnan textann yfir og merkja við aðalatriði, oft með yfirstrikunarpenna. Stundum vilja slíkar merkingar verða ansi fyrirferðarmiklar vegna þess að nemendur átt sig ekki á aðalatriðunum, greina ekki kjarnann frá hisminu. Það er því mikilvægt að þjálfa sig í að finna aðalatriði texta.

Varast ber að rugla saman hugtökunum útandráttur og úrdráttur. Þegar um útandrátt er að ræða eru aðalatriðin dregin **út** úr textanum en úrdráttur er stílfræðilegt hugtak og merkir að dregið er **úr** einhverju, gert minna úr því en efni standa til.



Aðferð:

1. a) Lestu textann vandlega yfir. Svaraðu síðan spurningunni: Um hvað fjallar þessi texti? Svarið getur verið eitt orð. Textinn fjallar um skólamál, flugmál, gatnagerð og svo framvegis.

b) Lestu textann aftur yfir og svaraðu þrengri spurningu? Hvaða atriði varðandi skólamál? Svarið gæti verið: Textinn fjallar um það sem tapast í námi við styttingu framhaldsskólans. Útandráttur þinn ætti síðan að miðast við að lýsa þessu atriði, tína til röksemadirnar sem tengjast því sem tapast við styttinguna.

2. Merktu við mikilvæg orð og setningar sem tengjast aðalumfjöllunarefninu. Þú getur skráð það hjá þér á blað. Ef textinn skiptist í nokkrar efnisgreinar skaltu merkja við þá málsgrein sem felur í sér megin hugsun hverrar efnisgreinar eða lykilatriði hennar (lykilsetningu). Reyndu að greina

aðalatriðin frá aukaatriðunum. Þessi atriði mynda síðan beinagrind útandráttarins.

3. Skipuleggðu röð efnisatriða þannig að hún sé rökrétt. Gerðu uppkast að útldrættinum.

4. Semdu endanlega gerð útandráttarins með eigin orðum. Hugaðu að máli og stíl. Veldu fyrirsögn sem er í samræmi við svarið í spurningunni í 1b).

Einfaldast er að endurseggja efnisatriðin í sömu röð og þau koma fyrir en það er ekki víst að það henti ef gera á útandrátt úr löngum texta, mörgum blaðsíðum eða heilli grein, þá þarf ef til vill að stokka efnisatriðin upp.